



Ofbeldi í nánnum samböndum eins og það birtist í dómum

**Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi, MSW, PhD.,
prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands**

Helga Katrín Hjartardóttir, félagsráðgjafi, MA



Freydís Jóna
Freysteinsdóttir



Helga Katrín
Hjartardóttir

Útdráttur

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að rannsaka tegundir og birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum í okkar litla samfélagi, sem og kyn gerenda og þolenda. Dómar í sakamálum sem snerust um ofbeldi í nánnum samböndum á árunum 2016–2019 voru innihaldsgreindir. Gerendur reyndust vera 42, þar af 40 karlar og tvær konur. Líkamlegt ofbeldi var algengasta tegund ofbeldis, eða í yfir 90% tilfella, en lýsingar á tilfinningalegu ofbeldi komu fram í um 40% dómanna. Loks var að finna dæmi um kynferðislegt ofbeldi í nokkrum dómum (7%). Birtingarmyndir ofbeldisins voru fjölbreyttar, svo sem morðhótanir, að berja þolandann, hrinda honum, toga í hár hans, taka hann hálstaki eða nauðga honum. Í þriðjung tilfella þegar um börn var að ræða urðu þau vitni að ofbeldinu. Hámarksrefsingu fyrir ofbeldi í nánnum samböndum reyndist ekki vera beitt í neinu þessara tilvika þrátt fyrir að í sumum málunum væri um að ræða mjög gróft ofbeldi gagnvart þolanda.

Lykilorð: Ofbeldi í nánnum samböndum, líkamsárásir, dómar, refsing, feðraveldi.

Abstract

The main aim of this study was to examine types and manifestations of intimate partner violence, as well as the gender of the perpetrator and the victims of such violence. Court decisions were analysed that included violence in intimate relationships in Iceland, a small Nordic welfare society, particularly types and manifestations of the violence, as well as the gender of the perpetrators and the victims. The results showed that of 42 perpetrators, only two were women and the rest were men. Physical violence could be found in over 90% of the cases, emotional abuse was found in 40% of them and sexual abuse was found in few of them (7%). There were various manifestations of the violence, such as threats, hitting, pushing, hair pulling, strangling the

victim and rape. In third of the cases when children lived in the home, they witnessed the violence. The maximum penalty for violence in intimate partner relationships was not used in any of those cases, despite the fact that some of them included very rough violence towards the victims.

Keywords: intimate partner violence, verdicts, penalty, patriarchy.

Inngangur

Markmiðið með rannsókn þessari var að skoða ofbeldi í nánnum samböndum út frá tegund ofbeldis, birtingarmynd og kyni. Jafnframt skyldi kanna hvort börn hefðu orðið vitni að ofbeldinu og hverjar refsingarnar væru. Í gegnum tíðina hefur ofbeldi í nánnum samböndum verið samfélagslegt mein þótt það hafi lengi vel verið talið eðlilegt. Það var talinn vera réttur eiginmanns og skylda að beita konu sína ofbeldi til þess að stjórna henni og aga hana (Dobash og Dobash, 1979, 2003). Slíkt var jafnvel lögvarinn réttur eiginmanna í sumum löndum en engin dæmi eru um slíkan rétt kvenna gagnvart eiginmönnum sínum (Dobash og Dobash, 1979, 2003). Þannig hefur feðraveldið öldum saman gefið skýr skilaboð um að konur eigi að hlýða mökum sínum (Dobash og Dobash, 2003). Á Íslandi var í gildi sérstök tilskipun sem kallaðist Húsagatilskipunin (Stephensen og Sigurdsson, 1853) og í Bretlandi voru í gildi samþærig lög sem kölluðust „The English common laws“ (Dobash og Dobash, 1979).

Samkvæmt femínískum kenningum ber feðraveldið að hluta til ábyrgð á ójöfnuði í samfélögum, þar á meðal ójöfnuði í nánnum samböndum. Auk þess eru konur passívar út frá sjónarhóli feðraveldisins á meðan kynmynd karla endurspeglar frekar vald og árásarhneigð (DeKeseredy og Schwartz, 2011; Dobash og Dobash, 1979). Í kvenfrelsisbaráttunni var meðal annars lögð áhersla á baráttu gegn því ofbeldi sem karlmenn beittu konur



sínar (Ashcraft, 2000; Dobash og Dobash, 1992; Ingólfur Gíslason, 2008, 2010). Þar var fyrst gerð krafa um að samfélagið viðurkenndi ofbeldi í nánum samböndum sem félagslegt vandamál. Krafist var úrræða fyrir þolendur, sem og fyrir gerendur (Dobash og Dobash, 1992, 2003; Kvennaathvarf, e.d.; Stígamót, 2018).

Þegar litið er aftur til fortíðar má þannig ætla að konur hafi frekar orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka en karlar og það fær stöð í umfangsmiklum fyrirbyggjandi rannsóknum (World Health Organization, 2012). Þó sýndi yfirlitsrannsókn að konur væru örlítið líklegri en karlar til þess að beita maka sinn vægu líkamlegu ofbeldi en þegar um alvarlegt líkamlegt ofbeldi væri að ræða væru karlar líklegri til þess að vera gerendur og konur þolendur (Archer, 2000). Því virðast niðurstöður rannsókna sem snúast um kyn og ofbeldi ekki vera fullkomlega samhljóða, en þegar um alvarlegt líkamlegt ofbeldi er að ræða í nánum samböndum sýna rannsóknir að konur eru líklegri til þess að vera þolendur og karlmenn gerendur (Archer, 2000; Black o.fl., 2011; Ingólfur Gíslason, 2008; Johnson, 1995).

Tíðni ofbeldis og alvarleiki

Að meðaltali hefur stór hluti kvenna, eða 22%, orðið fyrir ofbeldi af hálfu maka, oftast karla, samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í 28 Evrópulöndum. Hlutfallið var lægst í Austurríki, Króatíu, Póllandi, Slóvakíu og á Spáni, eða um 13%, en hæst í Danmörku, Finnlandi og Lettlandi, eða 30–32%. Rannsakendurnir töldu að í löndum þar sem hlutfallið væri lágt gætu konur átt erfitt með að bera skyn á ofbeldið og upplýsa um það. Rannsóknin sýndi jafnframt að makar sem urðu drukknir að minnsta kosti einu sinni í mánuði voru líklegri en aðrir til þess að beita ofbeldi. Algengast var að hrinda þolandanum eða að slá hann, þar næst að draga þolandann á hárinu og loks að berja þolandann með krepptum hnefa eða með hörðum hlut. Líkamlegt ofbeldi var hins vegar ekki eina tegund ofbeldis sem rannsóknin varpaði ljósi á. Um 5% kvennanna höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Ofbeldið sem konurnar urðu fyrir í þessari rannsókn var yfirleitt endurtekið (European Union Agency for Fundamental Rights, 2014).

Önnur umfangsmikil rannsókn sem gerð var vestanhafs, í Bandaríkjunum, sýndi að þriðjungur kvenna (35,6%) og fjórðungur karla (28%) hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, verið nauðgað eða verið hrelldur (e. stalked) af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka. Líkamlegt ofbeldi var algengasta tegund ofbeldis. Alls höfðu 32,9% kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi

af hálfu maka eða fyrrverandi maka en 28,5% karla höfðu orðið fyrir slíku ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Algengustu birtingarmyndir þess voru að lemja eða hrinda þolandanum. Þar á eftir kom að ýta þolandanum á eitthvað og loks að lemja þolandann með hnefa eða hlut. Um 10% kvennanna hafði verið nauðgað af maka eða fyrrverandi maka og um það bil helmingur kvenna og karla hafði orðið fyrir tilfinningalegu ofbeldi, eins og til dæmis hótunum, niðurlægingu eða að vera kallaður ónöfnum (Black o.fl., 2011).

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á þessu efni. Hér verður einungis getið um nýlegri rannsóknir þó eldri rannsóknir séu einnig til (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997; Hildigunnur Ólafsdóttir o.fl., 1982). Samkvæmt rannsókn sem gerð var fyrir um áratug höfðu 22% kvenna orðið fyrir ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís Arnalds, 2010) sem er sama hlutfall og meðaltalið í evrópsku rannsókninni (European Union Agency for Fundamental Rights, 2014). Samkvæmt þeirri rannsókn höfðu 20% kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og 6% fyrir kynferðislegu ofbeldi. Litill hluti kvennanna, eða 3%, hafði orðið fyrir ofbeldi eftir að sambandi þeirra við gerandann lauk. Auk þess taldi um fjórðungur kvennanna (24%) að barn hefði orðið vitni að ofbeldishegðun gerandans (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís Arnaldsdóttir, 2010). Tilfinningalegt ofbeldi var ekki kannað í þessari rannsókn.

Rannsókn sem gerð var á vegum ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og spannaði ofbeldi af hálfu skyldra og tengdra sýndi að 70% þolenda voru konur en einungis 24% gerenda voru það. Karlar voru þannig mun líklegri til þess að vera gerendur en konur (Guðbjörg Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010). Tæplega 3% sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka hér á landi í alþjóðlegri þolendakönnun sem var gerð fyrir stuttu (Lögreglan, 2023). Einnig var gerð rannsókn á áfallasögu kvenna, sem sýnir að mun hærra hlutfall, eða 40% kvenna sem skráðu sig til þátttöku, hafi orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Þar kemur þó ekki fram hvort gerandi hafi verið maki, fyrrverandi maki eða annar aðili (Áfallasaga kvenna: Vísindarannsókn Háskóla Íslands, e.d.). Þess má geta að gerðar hafa verið rannsóknir sem beinast að tilteknum hópum þolenda, til dæmis fötluðum konum (sjá t.d. Hrafnhildi Snæfríðar og Gunnarsdóttur og Rannveigu Traustadóttur, e.d.) og konum með vímuefnaröskun (sjá t.d. Steinunni Hrafnadóttur og Sif Sigurðardóttur, 2022), en ekki verður fjallað um þær hér.



Rannsókn sem gerð var nýlega hér á landi sýndi að 16 konur og stúlkur voru beittar ofbeldi sem leiddi til dauða þeirra á 30 ára tímabili. Í ellefu tilvikum var um svokölluð kvenmorð (e. femicide) að ræða en það merkir að morðin hafi mátt rekja til kynferðis kvennanna. Í tíu tilfellum hafði kona látist af völdum ofbeldis af hálfu maka eða fyrrverandi maka. Algengasta verknaðaraðferðin var að kyrkja konuna og síðan að stinga hana með hníf. Í fjórum tilvikum var eitt barn eða fleiri nærstätt þegar morðið var framið og í sex tilvikum var gerandinn undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna (Freysteinsdóttir, 2018). Auk þess kom fram í sömu rannsókn (Freysteinsdóttir, 2017) að þegar gerandi var núverandi maki var hann undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar atvikin áttu sér stað en hins vegar voru fyrrverandi makar ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Afbrýðisemi og eigingirni var hins vegar áberandi meðal fyrrverandi maka.

Önnur rannsókn var gerð nýlega hér á landi meðal kvenna sem höfðu notið þjónustu hjá kvennaathvarfi. Næstum allar konurnar höfðu orðið fyrir tilfinningalegu ofbeldi (98%), tæplega tvær af hverjum þremur þeirra (62%) höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og næstum jafn stór hluti (60%) hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka. Auk þess greindi þriðjungur kvennanna frá því að börn þeirra hefðu einnig orðið fyrir ofbeldi (Drífa Jónasdóttir, 2018).

Afleiðingarnar af ofbeldi í nánnum samböndum geta einnig verið alvarlegar fyrir þolendur þess þó ekki sé um að ræða líkamsmeiðsl og dauða. Má þar nefna áfallastreituröskun, kvíða og þunglyndi (Bogat o.fl., 2003; Kernsmith, 2005). Ofbeldi gegn konum hefur því ekki einungis verið skilgreint sem heilbrigðisvandamál, heldur einnig sem ógn við mannréttindi (World Health Organization, 2013). Svo unnt sé að stöðva ofbeldið er mikilvægt að gerendur horfist í augu við afleiðingar gerða sinna og hljóti viðeigandi refsingu í dómskerfinu (Sloan o.fl., 2013).

Þar sem afleiðingar ofbeldis geta verið alvarlegar fyrir þolendur þótti mikilvægt að rannsaka alvarlegt líkamlegt ofbeldi hér á landi. Í þeirri rannsókn sem hér verður greint frá voru rannsóknarspurningar eftirfarandi:

- Hvert er hlutfall kynja gerenda og þolenda í dómum í málum sem snúast um líkamlegt ofbeldi í nánnum samböndum hér á landi?
- Hverjar eru tegundir ofbeldis sem birtast í dómum og hvaða birtingarmyndir má finna í dómum í málum sem snúast um ofbeldi í nánnum samböndum hér á landi?

- Hversu algengt er að börn verði fyrir tilfinningalegu (óbeinu) ofbeldi með því að verða vitni að ofbeldinu sem kemur fram í dómunum og hversu algengt er að þau verði sjálf fyrir beinu ofbeldi?
- Hver var þyngd refsinga fyrir að beita ofbeldi í nánnum samböndum?

Aðferð

Bæði voru notaðar meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir, en um innihaldsgreiningu (e. content analysis) fyrirbyggjandi gagna var að ræða (Rubin og Babbie, 2014; Yegidis o.fl., 2018). Að mestu leyti var um að ræða meginlega innihaldsgreiningu gagna en einnig að hluta til eigindlega. Gögnin voru dómar frá tímabilinu 2016 til 2019 í málum sem fjölluðu um líkamsárásir á aðila sem gerandi var í nánnum sambandi við. Ástæða þess að dómar fyrir líkamsárás voru valdir var sú að markmiðið með rannsókninni var að kanna alvarlegt líkamlegt ofbeldi í nánnum parsamböndum.

Málitaki

Dómarnir voru innihaldsgreindir. Hannað var skráningareyðublað og skráningarleiðbeiningar útbúnar til þess að auka nákvæmni og áreiðanleika í skráningu gagnanna. Dómar eru gögn sem ekki eru gerð með það í huga að unnt sé að rannsaka efni þeirra og sú staðreynd takmarkar rannsóknarefniviðinn, þar sem upplýsingar um það sem rannsakað er getur vantað (Rubin og Babbie, 2014). Dómarnir voru lesnir ítrekað og skráningareyðublöð sem endurspegluðu rannsóknarspurningarnar og markmið rannsóknarinnar fyllt út. Skráningareyðublaðið samanstóð af 76 lokuðum atriðum sem voru skilgreind og útskýrð í skráningarleiðbeiningunum og þremur opnum atriðum. Þrjú dómar voru notaðir við þróun og prófun eyðublaðanna og leiðbeininganna. Þess má geta að innihaldsgreiningin byggist ekki einungis á niðurstöðuköflum dómanna heldur á dómunum í heild sinni. Því er einnig litið til skýrslna af sakborningum og brotapolum sem eru einhliða lýsingar á upplifun þeirra af atburðum. Þegar um ósamræmi var að ræða voru upplýsingar úr niðurstöðuköflum taldar réttastar.

Maki var skilgreindur sem núverandi eða fyrrverandi maki, núverandi eða fyrrverandi sambýlismaður, sambýliskona eða sambýlisaðili, núverandi eða fyrrverandi eiginmaður eða eiginkona eða manneskja sem þolandinn var eða hafði verið í nánnum rómantísku eða kynferðislegu sambandi við.

Notuð var skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á ofbeldi (World Health Organization,



2012), að það taki til allra tegunda hegðunar innan náins sambands sem getur skaðað annan aðilann. Hegðunin getur birst sem tilfinningalegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi.

Framkvæmd

Innihaldsgreindir voru dómar í málum þar sem ákært var fyrir brot á 217. gr. eða 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2016, vegna líkamsárásar eða brots á 232. gr. sömu laga varðandi nálgunarbann, á um það bil þriggja og hálfis árs tímabili. Tímabilið sem um ræðir hófst 5. apríl 2016 þegar lög nr. 23/2016 tóku gildi. Þá bættist við 218. gr. b í almennum hegningarlögum þannig að ákvæðið tekur ekki einungis til ofbeldis í nánnum parsamböndum heldur einnig gegn öðrum fjölskyldumeðlimum. En þar sem löggin eru ekki afturvirk má gera ráð fyrir að fyrstu dómar Landsréttar og/eða Hæstaréttar byggðir á hinu nýja ákvæði hafi ekki verið kveðnir upp fyrr en nokkru eftir gildistöku laganna og séu því færri en þeir hefðu annars verið. Lok tímabilsins voru 20. október 2019. Leitarforritið Fons Juris (e.d.) var notað til þess að finna dóma.

Dómar um ofbeldi í öðrum nánnum samböndum en parsamböndum, svo sem gegn systkini, af hálfu barna gegn foreldrum eða af hálfu foreldra gegn börnum voru ekki hafðir með í rannsókninni. Það var gert til þess að afmarka rannsóknina við ofbeldi í parsamböndum og greina það frá annars konar heimilisofbeldi. Auk þess voru útilokuð mál þar sem ekki var hægt að ráða af dómunum hvort um var að ræða ofbeldi í nánnum parsamböndum. Það var gert til þess að tryggja að málin snerust örugglega um ofbeldi í nánnum parsamböndum. Stuðst var við niðurstöðu af hæsta dómstigi sem mál hlutu afgreiðslu á.

Þar sem engir raunverulegir þátttakendur voru í þessari rannsókn og einungis opnir og aðgengilegir dómar notaðir þurfti ekki að tilkynna rannsóknina til Persónuverndar eða fá leyfi til að gera hana.

Til þess að tryggja áreiðanleika breytanna voru 20% gagnanna skráð af öðrum höfundum þessarar greinar en hinn skráði öll gögn upphaflega. Báðir aðilar notuðu skráningareyðublöð og skráningarleiðbeiningar sem útbúin höfðu verið fyrir rannsóknina. Af 76 atriðum höfðu flest atriði, eða 63 þeirra, 100% samsvörun og eitt atriði hafði lægsta samsvörun, sem var 70%. Þegar samsvörunin var 80% eða meiri var um góðan og mjög góðan áreiðanleika að ræða og ásættanlegan áreiðanleika þegar samsvörunin var 70% (Rubin og Babbie, 2014). Upplýsingarnar á skráningareyðublöðunum voru slegnar inn í SPSS 22.0.

Úrtak

Alls reyndust 69 dómar frá þessu tímabili vera byggðir á 217. gr., 218. gr. b eða 232. gr. almennra hegningarlaga. Af þeim snerust 50 um ofbeldi í nánnum parsamböndum. Af þessum dómum hafði átta (19%) verið áfrýjað til Landsréttar en einungis einum (2%) fyrst verið áfrýjað til Landsréttar og síðan til Hæstaréttar. Því var um 42 dóma að ræða sem voru innihaldsgreindir. Í öllum málunum voru þörin gagnkynhneigð.

Niðurstöður

Nánast allir gerendurnir voru karlmenn, eða 40 af 42 (95%). Einungis var um konur að ræða í tveimur tilvikum (5%). Í um það bil helmingi tilfella, eða 22 málum, voru gerandinn og þolandinn gift eða í sambúð, og í fjórum tilfellum í sambandi en ekki í sambúð. Í þremur tilfellum voru gerandinn og þolandinn í því ferli að slíta sambandi sínu en í 13 tilfellum höfðu gerandinn og þolandinn þegar slitit sambandi sínu og var gerandinn því fyrreverandi maki í tæpum þriðjungi málanna.

Í töflu 1 er yfirlit um þær tegundir ofbeldis sem lýst var í þessum 42 dómum. Birtingarmyndunum var lýst af hálfu brotaþola, sakbornings eða vitnis að atburðunum. Í minna en helmingi dómanna var lýst tilfinningalegu ofbeldi, eða um 40%. Karlamaður var í öllum tilfellum gerandi í dómunum þar sem lýst var tilfinningalegu ofbeldi. Ef litið er til birtingarmynda tilfinningalegs ofbeldis sem lýst er í dómunum var ógnandi hegðun algengasta birtingarmyndin og líflátshótanir sú næstalgengasta (sjá töflu 2). Eins og sjá má á eftirfarandi dæmum geta skilin verið óljós milli þess að gera lítið úr brotaþola annars vegar og hóta honum hins vegar: „...Geri þig að grænmeti svo þú getur ekki hugsað um börnin tussan þín“ og „Feita mellan þín [...], ég stúta þér.“

Tafla 1. Tegundir ofbeldis

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Tilfinningalegt	16	38%
Líkamlegt	39	93%
Kynferðislegt	3	7%

Tafla 2. Birtingarmyndir tilfinningalegs ofbeldis

Birtingarmyndir	Fjöldi
Ógnandi hegðun	11
Hótanir um líkamlegt ofbeldi	4
Líflátshótanir	9
Niðurlægjandi athugasemdir/uppnefni	6
Hótanir gagnvart barni	2
Annað	8



Í 39 af 42 málum (93%) hafði gerandinn beitt þolandann líkamlegu ofbeldi. Í töflu 3 má sjá birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis sem lýst var í dómunum. Heildarfjöldi birtingarmynda líkamlegs ofbeldis í þessum 42 málum var 137. Því voru að meðaltali rúmlega þrjár birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis í hverju máli, en þær voru flestar átta. Hins vegar ber að nefna að sumar birtingarmyndirnar komu ítrekað fram í einu og sama ofbeldistilfellinu. Algengasta birtingarmynd líkamlegs ofbeldis var að þrengja að öndunarvegi brotaþola, þá að lemja og kýla þolandann og hrinda honum og loks að toga í hár þolandans. Í fjórum tilfellum hamlaði gerandinn frelsi brotaþola. Í einu þeirra tilvika notaði gerandinn líkamlegt afl til þess að koma í veg fyrir að þolandinn færi. Í hinum þremur tilvikunum þorði þolandinn ekki að fara vegna hræðslu við gerandann. Allir gerendurnir sem hömluðu frelsi þolandanna voru karlmenn. Í einungis einu þessara tilfella var gerandinn dæmdur sekur en það var tilfellið þar sem gerandinn beitti líkamlegu afli.

Í tveimur af alvarlegustu tilfellum líkamlegs ofbeldis notaði gerandinn hlut eða vopn. Í öðru þessara tilfella henti gerandinn einhvers konar hlut í þolandann en í hinu stakk gerandinn þolandann með hníf. Í öðru þessara tilfella var gerandinn kona sem stakk og skar karlmann sem hún var í nánú sambandi við. Eins og þegar hefur komið fram var einungis um tvær konur að ræða sem voru gerendur í dómunum. Hin konan beit í tungu eiginmanns síns og sagðist hafa gert það í sjálfsvörn eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi hans.

Í tíu málum varð barn vitni að líkamlegu ofbeldi gagnvart brotaþola, eða í 24% málanna. Í þeim málum var ákært fyrir brot á barnaverndarlögum. Í einu þessara tilfella var að finna eftirfarandi lýsingu í dómnum:

... sagt var frá því að ákærði hefði verið að lemja mömmu hennar. Hún hefði sagst hafa hjálpað mömmu sinni að skríða inn um gluggann og einnig að hún hefði síðan séð brotaþola liggjandi á gólfinu. Hefði brotaþoli ekki svarað þegar hún hefði reynt að kalla á hana.

Þarna koma fram alvarlegar afleiðingar ofbeldis gegn móður. Barnið hafði reynt að hjálpa móðurinni og varð vitni að ofbeldinu sem hún varð fyrir og einnig alvarlegum afleiðingum þess. Sex börn (í 14% mála) höfðu sjálf orðið fyrir beinu ofbeldi. Fjögur höfðu verið beitt líkamlegu ofbeldi, eitt hafði orðið fyrir tilfinningalegu ofbeldi og eitt fyrir kynferðislegu ofbeldi. Birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis voru þær að lemja, sparka í, toga í hár, toga í eyra og að rassskella barn með belti. Í

Tafla 3. Birtingarmyndir líkamlegs ofbeldis

Birtingarmyndir	Fjöldi
Þrengt að öndunarvegi	20
Slegið	17
Hrint	16
Kýlt með krepptum hnefa	15
Sparkað í	15
Togað í hár	15
Ýtt á gólf, á vegg eða á jörð	7
Bitið	4
Rifið í föt eða föt rifin af brotaþola	4
Dregin/n eftir gólfi eða jörðu	4
Hlut hent í brotaþola	1
Snúið upp á handlegg	1
Gripið fast í eða klipið	1
Drykk hellt yfir brotaþola	1
Tekið fyrir vit brotaþola	1
Slegið með olnbogum	1
Klórað	1
Stappað á brotaþola	1
Gripið með fingrum í munnhol	1
Hrækt á brotaþola	1

málinu sem snerist um tilfinningalegt ofbeldi gegn barni hafði barnið fengið eftirfarandi rafræn skilaboð: „Þú verður að segja frá að d...[stjúpfadir barnsins] lemji þig eins og þú sagðir mér, ef þú segir ekki þá mun ég drepa d.“ Í því tilfelli virtist hegðun gerandans gagnvart barninu ekki hafa haft afleiðingar fyrir hann, heldur var hann ákærður fyrir hótanir við stjúpföður barnsins.

Í málinu sem fjallaði um kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni var greint frá því að gerandinn hefði horft á klámefni í viðurvist barnsins. Gerandinn hafði einnig ítrekað fróað sér í viðurvist barnsins. Hann var dæmdur fyrir blygðunarsemisbrot skv. 209. gr. almennra hegningarlaga en ekki fyrir að beita barnið kynferðislegu ofbeldi.

Í þremur tilfellum af 42 (7%) var lýst kynferðislegu ofbeldi gagnvart þolandanum sem gerandinn var í nánú sambandi við. Í þessum þremur málum var að finna sex birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis, að þvinga þolandann til þess að horfa á klámefni, að hafa sáðlát á þolandann, tilraun til nauðgunar, nauðgun í leggöng, nauðgun í endaparm og að neyða þolandann til munnmaka. Þessum konum hafði öllum verið nauðgað í leggöng og þær verið neyddar til þess að hafa munnmök



við gerandann.

Í 12 tilfellum, eða næstum þriðjungu tilfella (29%), hafði gerandinn verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar atvikið átti sér stað. Í ellefu þessara tilfella var gerandinn undir áhrifum áfengis en í þremur tilfellum voru önnur vímuefni nefnd.

Í flestum tilfellum, eða í 35 (83%), var gerandinn sakfelldur í öllum ákæruliðum eða hluta þeirra. Í þremur tilfellum (7%) var gerandinn sýknaður af öllum ákæruliðum. Í fjórum málum (10%) var gerandinn úrskurðaður í nálgunarbann. Sjö málum var áfrýjað til Landsréttar og var héraðsdómur undantekningarlaust staðfestur. Einum dómi var áfrýjað fyrst til Landsréttar en síðan til Hæstaréttar en því máli var vísað frá. Þegar lítið er til refsinga sem gerendum voru dæmdar hljóðaði þyngsta refsingin upp á fjögurra ára fangelsi en þar af tvö ár skilorðsbundin. Í einungis einu tilfelli var gerandi dæmdur í fjögurra ára fangelsi óskilorðsbundið. Í því tilfelli var honum dæmd refsilynging vegna annarra brota. Því voru dómarnir mun vægari en hámarksrefsing gerir ráð fyrir, sem er allt að sex ára fangelsi samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Þá er refsiramminn allt að 16 ára fangelsi ef brot leiðir til alvarlegra líkamlegra meiðsla, heilsutjóns eða dauða samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins. Þó að um alvarleg mál væri að ræða hafði ekkert þessara mála svo slæmar afleiðingar.

Umræða

Þar sem ofbeldi í nánnum samböndum getur haft verulegar afleiðingar fyrir þolendur þess er mikilvægt að félagsráðgjafar og annað fagfólk skimi fyrir því og grípi inn í með viðeigandi hætti. Þessar rannsóknarniðurstöður eru mikilvægar fyrir félagsráðgjafa og aðrar fagstéttir. Afgerandi kynjamunur kom fram á gerendum og þolendum í rannsókninni. Í næstum öllum tilfellum var gerandinn karlkyns, eða í 40 tilfellum af 42, en kona í einungis tveimur tilfellum. Öll þörin í rannsókninni voru gagnkynhneigð. Þessar niðurstöður gefa því til kynna að feðraveldið sem ríkt hefur frá öröfi alda (Dobash og Dobash, 1979) sé síst á undanhaldi. Líkamlega ofbeldið sem lýst var í dómunum var alvarlegt og birtingarmyndir ýmsar. Líkamlegt ofbeldi er líklegra til þess að vera alvarlegt þegar karlmenn beita því en þegar konur gera það (Archer, 2000; Black o.fl., 2011; Ingólfur Gíslason, 2008; Johnson, 1995). Algengast var að þrengt væri að öndunarvegi þolandans, því næst að lemja hann, hrinda honum og kýla hann og loks að toga í hár hans. Athyglisvert er að þrátt fyrir að Ísland sé fámennt norrænt velferðarsamfélag var algengasta birtingarmyndin alvarlegri en í rannsókn Black og

félaga (2011) sem gerð var í Bandaríkjunum og í fjölþjóðlegri rannsókn sem gerð var í Evrópu (European Union Agency for Fundamental Rights, 2014), og er það áhyggjuefni. Mikilvægt er þó að hafa í huga að hér er verið að bera saman almennar spurningakannanir annars vegar og ofbeldi sem fram kemur í dómum hins vegar, en það endurspeglar væntanlega alvarlegustu tilfelli. Einnig kom fram að í sumum tilfellum urðu börn vitni að atburðinum og urðu jafnvel fyrir beinu ofbeldi sjálf og er það í samræmi við aðra fyrirliggjandi rannsókn hér á landi (Drífa Jónasdóttir, 2018).

Eins og við mátti búast var líkamlegt ofbeldi sú tegund ofbeldis sem oftast var lýst í dómunum, eða í yfir 90% þeirra. Það kemur ekki á óvart því fyrirliggjandi gögn sem greind voru í rannsókninni voru aðallega dómur sem byggðust á 218. gr. b í almennum hegningarlögum en ákvæðið fjallar um alvarlegt ofbeldi gegn maka og fjölskyldu. Í um 40% málanna var tilfinningalegu ofbeldi lýst. Það hlutfall var örlítið lægra en í fyrrnefndri rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum (Black o.fl., 2011). Þó ber að hafa í huga að þrátt fyrir að tilfinningalegu ofbeldi hafi ekki verið lýst í um 60% dómanna er alls ekki hægt að gefa sér að þar hafi ekki verið um að ræða tilfinningalegt ofbeldi, heldur einungis að ekki hafi verið vísbendingar um það í texta dómanna. Rannsókn sem gerð var nýlega sýndi til dæmis að næstum því 100% kvenna sem nutu þjónustu Kvennaathvarfsins hér á landi höfðu upplifað tilfinningalegt ofbeldi af hálfu gerandans (Drífa Jónasdóttir, 2018) en tilfinningalegt ofbeldi á sér yfirleitt stað samhliða líkamlegu ofbeldi í nánnum samböndum (Black o.fl., 2011). Hugsanlega endurspeglar dómur ekki vel tilfinningalegt ofbeldi. Þannig getur verið erfitt fyrir þolendur að greina frá slíku ofbeldi ef þeir eru ekki spurðir um það beint af félagsráðgjöfum eða öðru fagfólki. Þá getur einnig skipt máli að erfitt getur reynst að sanna fyrir dómi að tilfinningalegt ofbeldi hafi átt sér stað. Slíkt ofbeldi felur í sér athafnir sem ekki eru eins skýrar og líkamlegt ofbeldi eða kynferðislegt ofbeldi og skilur hvorki eftir sig áverka né önnur sýnileg merki (Miller-Perrin o.fl., 2018).

Lýsingar á kynferðislegu ofbeldi voru fátíðar í dómunum. Slíkar lýsingar var einungis að finna í þremur dómum, eða 7% þeirra. Þetta hlutfall er svipað og kom fram í evrópsku rannsókninni sem áður var getið. Þar höfðu 9% kvennanna orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka (European Union Agency for Fundamental Rights, 2014).

Í tæplega einum þriðja hluta tilvika voru gerendur undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar atvikið átti sér stað. Áfengisnotkun (Dobash o.fl., 2004; Farr,



- Gæðvernd: ársrit Gæðverndarfélags Íslands*. 17, 7–31. https://sigjul.internet.is/greinar/sigjul_ofbeldi_i_islenskum_fjolskyldum.pdf
- Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir. (e.d.). *Ofbeldi gegn fötludum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum: Stutt skýrsla um helstu niðurstöður rannsóknarinnar*. Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum. <https://throunarmidstod.is/library/Files/Fraedsla-um-fatlad-folk/ofbeldi%20gegn%20f%C3%B6tlu%C3%B0um%20konum%20sk%C3%BDrsla.pdf>
- Ingólfur Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánnum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Ingólfur Gíslason. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan*. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Johnson, M. P. (1995). Patriarchal terrorism and common couple violence: Two forms of violence against women. *Journal of Marriage and the Family*, 57(2), 283–295. <https://doi.org/10.2307/353683>
- Kernsmith, P. (2005). Exerting power or striking back: A gendered comparison of motivation for domestic violence perpetration. *Violence and Victims*, 20(2) 757–770. <https://doi.org/10.1891/vivi.2005.20.2.173>
- Kivivouri, J. og Lethi, M. (2012). Social correlates of intimate partner homicide in Finland: Distinct or shared with other homicide types? *Homicide Studies*, 16(1), 60–77. doi.org/10.1177/1088767911428815
- Kvennaathvarf. (e.d.). *Um samtökin*. <https://www.kvennaathvarf.is/sagan/>
- Lögreglan. (2023). *Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu (Pólandakönnun)*. https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2024/01/THolendakonnun-2023_allt_landid-des-2023.pdf
- Miller, C. L., Perrin, R. D. og Renzetti, C. M. (2018). *Violence and maltreatment in intimate relationships*. SAGE Publications.
- Rubin, A. og Babbie, E. R. (2014). *Research Methods for Social Work*. Brooks/Cole Cengage Learning.
- Sloan, F. A., Platt, A. C., Chepke, L. M. og Blevins, C. E. (2013). Detering domestic violence: Do criminal sanctions reduce repeat offenses? *Journal of Risk and Uncertainty*, 46(1). 51–80. <https://doi.org/10.1007/s11166-012-9159-z>
- Steinunn Hrafnadóttir og Sif Sigurðardóttir. (2022). ...En við erum bara manneskjur: Áfallasaga, upplifun og reynsla heimilislausra kvenna sem nota vímuefni í æð. *Tímarit félagsráðgjafa*, 14(1), 13–19. <https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2022/11/3150-5083-1-PB.pdf>
- Stephensen, O. og Sigurðsson, J. (1853). Lovsamling for Island (vol 2.). Universitets-Boghandel Andr. Fred. *Lovsamling for Island* (1. b. (1096-1720)) (baekur.is)
- Stígamót. (2018). *Ársskýrsla Stígamóta*. https://stigamot.is/wp-content/uploads/2020/08/stigamot_arsskyrsla_2018_vef.pdf
- World Health Organization. (2012). *Understanding and adressing violence against women*. https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/77432/WHO_RHR_12.36_eng.pdf?jsessionid=F49FDCCABEAE6744E2210516AE6B9C61?sequence=1
- World Health Organization. (2013). *Global and regional estimates of violence against women: Prevalence and health effects of intimate partner violence and non-partner sexual violence*. https://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/85239/9789241564625_eng.pdf?sequence=1
- Yegidis, B. L., Weinbach, R. W. og Myers, L. L. (2018). *Research methods for social workers*. (8. útg.). Pearson.
- Pingskjal nr. 547/ 2015–2016. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi). <https://www.althingi.is/altext/145/s/0547.html>

Héraðsdómar

- Hd. Reykjaness 17. október 2019 (S-634/2019)
- Hd. Reykjaness 3. október 2019 (S-583/2019)
- Hd. Reykjaness 18. september 2019 (S-322/2019)
- Hd. Reykjavíkur 11. júlí 2019 (S-331/2019)
- Hd. Reykjavíkur 3. maí 2019 (S-295/2019)
- Hd. Reykjavíkur 3. maí 2019 (S-306/2019)
- Hd. Reykjaness 8. apríl 2019 (S-187/2019)
- Hd. Reykjaness 3. apríl 2019 (S-319/2019)
- Hd. Reykjavíkur 4. mars 2019 (S-83/2019)
- Hd. Reykjavíkur 19. desember 2018 (S-440/2018)
- Hd. Reykjavíkur 17. desember 2018 (S-534/2018)
- Hd. Vesturlands 5. desember 2017 (S-3/2018)
- Hd. Reykjavíkur 14. nóvember 2018 (S-565/2018)
- Hd. Reykjavíkur 18. október 2018 (S-507/2018)
- Hd. Reykjaness 2. október 2018 (S-120/2018)
- Hd. Vestfjarða 18. júlí 2018 (S-31/2018)
- Hd. Reykjavíkur 10. júlí 2018 (S-253/2018)
- Hd. Vesturlands 4. júlí 2018 (S-31/2018)
- Hd. Vestfjarða 11. júlí 2018 (S-11/2018)
- Hd. Vesturlands 3. júlí 2018 (S-30/2018)
- Hd. Reykjavíkur 13. júní 2018 (S-90/2018)
- Hd. Reykjavíkur 13. júní 2018 (S-296/2018)
- Hd. Reykjavíkur 12. júní 2018 (S-159/2018)
- Hd. Vesturlands 6. júní 2017 (S-52/2017)
- Hd. Reykjavíkur 15. maí 2018 (S-48/2018)
- Hd. Austurlands 9. maí 2018 (S-17/2018)
- Hd. Reykjaness 26. apríl 2018 (S-371/2017)
- Hd. Norðurlands eystra 12. apríl 2018 (S-40/2018)
- Hd. Reykjavíkur 13. mars 2018 (S-3/2018)
- Hd. Reykjaness 29. desember 2018 (S-136/2017)
- Hd. Reykjavíkur 20. nóvember 2017 (S-297/2017)
- Hd. Reykjaness 23. október 2017 (S-149/2017)
- Hd. Reykjavíkur 8. júní 2017 (S-326/2017)
- Hd. Reykjavíkur 29. mars 2017 (S-108/2017)
- Hd. Reykjavíkur 4. maí 2016 (S-41/2016)

Landsréttardómar

- Landsréttur 7. desember 2018 (404/2018)
- Landsréttur 16. október 2018 (441/2018)
- Landsréttur 20. september 2019 (669/2018)
- Landsréttur 24. september 2018 (724/2018)
- Landsréttur 20. maí 2019 (350/2019)
- Landsréttur 3. janúar 2019 (1/2019)
- Landsréttur 22. mars 2019 (201/2019)

Hæstaréttardómar

- Hæstiréttur 3. janúar 2019 (1/2019)